

# Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

---

**Fundargerð 3. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fimmtudaginn 21. ágúst 2014 kl. 13.00**

## Dagskrá

1. Fundargerð 2. fundar
2. Úttekt á sóknaráætlunum landshluta
3. Fjárhagsuppgjör SSH vegna sóknaráætlunar árið 2013
4. Sóknaráætlun SSH árið 2014
5. Dagskrá samráðsfundar 29. ágúst 2014
6. Sóknaráætlun landshluta 2015-2017
7. Önnur mál
  - a) Næstu fundir stýrihópsins

**Mættir:** Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Heiður Björnsdóttir (VEL), Karl Björnsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Elvar Knútur Valsson (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Stefanía Traustadóttir (IRR) og Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (UAR).

## Umfjöllun og afgreiðsla

### 1. Fundargerð 2. fundar

Drög að fundargerð 2. fundar stýrihópsins hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda

### 2. Úttekt á framkvæmd sóknaráætlana landshluta

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fól ráðgjafarfyrirtækinu Evris að vinna úttekt á framkvæmd sóknaráætlana landshluta. Samningurinn var undirritaður þann 15. maí sl. og áætlað að verkinu verði lokið fyrir 1. september nk.

Anna Margrét Guðjónsdóttir og Hulda Herjólfsdóttir Skogland ráðgjafar frá Evris komu á fundinn til að greina frá helstu niðurstöðum úttektarinnar og dreifðu minnisblaði, dags. 21. ágúst 2014, sem Anna Margrét fór yfir. Endanlegar niðurstöður úttektarinnar verða kynntar á samráðsfundi stýrihópsins þann 29. ágúst.

Stýrihópurinn fagnar því að úttekin hafi verið gerð og telur hana gott innlegg í þá vinnu sem framundan er við endurskoðun landshlutabundinna samninga um byggðapróun. Talsverðar

# Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

---

umræður urðu um niðurstöðurnar, tilgang og markmið með sóknaráætlunum og hlutverk stýrihópsins.

Anna Margrét og Hulda yfirgáfu fundinn kl. 13.45.

### 3. Fjárhagsuppgjör SSH vegna sóknaráætlunar árið 2013

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa sent stýrihópnum endurskoðað fjárhagsuppgjör vegna sóknaráætlunarverkefna ársins 2013, dags. 23. júní 2014 og 20. ágúst 2014. Greinargerðir um framkvæmd einstakra verkefna liggja ekki fyrir.

Nokkur umræða varð um uppgjörið og einstaka liði þess. Stýrinetið telur að ekki séu forsendur til að gera formlegar athugasemdir. Fram kom ósk um að gerð yrði grein fyrir hvað fælist í sameiginlegum kostnaði.

Stýrihópurinn gerir ekki athugasemdir við uppgjörið og staðfestir að lokagreiðsla geti farið fram, með þeim fyrirvara að fullnægjandi greinargerðir liggja fyrir um einstök verkefni, en samkvæmt samningi SSH og fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 22. mars 2013 gr. 5.1 er greinargerð um framkvæmd sóknaráætlunar forsenda fyrir lokagreiðslu (20% af samningsupphæð) sem og endurskoðað fjárhagsuppgjör. Formanni og verkefnisstjóra falið að yfirfara og staðfesta greinargerðirnar þegar þær berast án þess að leggja það sérstaklega undir stýrihópinn.

### 4. Verkefnatillögur SSH vegna sóknaráætlunar 2014

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfðu fengið frest til að skila tillögum sínum að sóknaráætlunarverkefnum fyrir árið 2014. Tillögurnar bárust stýrihópnum þann 15. ágúst sl. Stýrihópurinn gerir ekki athugasemdir við tillögurnar. Hólmfríði falið að senda staðfestingu þar um til fjármála- og efnahagsráðuneytisins og óska eftir að fyrsta greiðsla verði greidd samtökunum (30% af samningsupphæð).

### 5. Dagskrá samráðsfundar 29. ágúst 2014

Drög að dagskrá samráðsfundar stýrihópsins með landshlutasamtökum, atvinnuþróunarfélögum, menningarfulltrúum og fleirum þann 29. ágúst nk. hafði verið send stýrihópnum. Stýrihópurinn gerir ekki athugasemdir við dagskrána. Hólmfríði falið að senda hana til þeirra sem boðaðir hafa verið á fundinn.

### 6. Sóknaráætlun landshluta 2015-2017

Frestað til næsta fundar.

### 7. Önnur mál

#### a) Næstu fundir stýrihópsins

Næstu fundur stýrihópsins voru ákveðnir miðvikudagurinn 3. september kl. 10.00 og þriðjudaginn 16. september kl. 13.00. Hólmfríður boðar fundina. Á fyrri fundinum verða teknar

## **Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál**

---

fyrir greinargerðir og uppgjör landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna sóknaráætlunarverkefna ársins 2013, en landshlutasamtökin eiga að skila upplýsingum til stýrihópsins fyrir 1. september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.